

Björn Karlsson lauk B.Sc.-prófi í byggingarverkfræði frá Heriot-Watt háskólanum í Skotlandi árið 1986, prófi í brunavarnaverkfræði frá LTH í Lundu 1989 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1992. Sérsvið Björns eru brunavarnir og áhættustjórnun. Hann starfaði sem lektor við Háskólann í Lundu eftir að námi lauk og var fulltrúi Svíþjóðar í ýmsum nefndum á sviði eldvarna- og byggingamála.

Á árunum 2001 til 2010 gegndi hann stöðu forstjóra Brunamálastofnunar og síðar Mannvirkjastofnunar. Í þeim störfum leiddi hann þróun reglugerða, staðla og verklags sem stuðluðu að auknu öryggi, fagmennsku og ábyrgð í mannvirkjagerð. Með starfi sínu hefur hann átt stóran þátt í að efla öryggismenningu, bæta brunavarnir og tryggja að brunahönnun byggist á vísindalegum grunni og alþjóðlegum viðmiðum.

Frá árinu 2006 hefur Björn kennt við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands og er nú prófessor emeritus við deildina. Hann átti stóran þátt í að leggja grundvöll að fræðilegri og faglegri uppbyggingu eldvarnafræða á Íslandi. Hann hefur flutt fyrirlestra og tekið virkan þátt í vísindastarfi víða um heim og hlotið ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir fræðastörf sín.

Björn hefur verið virkur þátttakandi í starfi Verkfræðingafélagsins. Hann var um tíma varaformaður félagsins og hefur setið í Menntamálanefnd félagsins um langt árabil. Björn hefur ávallt verið reiðubúinn að miðla reynslu og þekkingu, veita ráðgjöf og styðja við starf félagsins af fagmennsku og ræktarsemi.